# 1. fundur Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu 38, mánudaginn 4. júlí 2022 og hófst hann kl. 17:00.

**Fundinn sátu:**
Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Kristrún Guðjónsdóttir (KG), Magnús Óskar Hálfdánsson (MÓH) og Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Fyrsti fundur nýrrar Íþrótta-, menningar og æskulýðsnefndar á nýju kjörtímabili.

Formaður bauð fundarfólk velkomið og athugaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og formaður lýsti því fund nr. 1 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Varaformaður Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar - 2207012**

Kjör varaformanns Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar.

*Samþykkt samhljóða að Magnús Óskar Hálfdánsson verði varaformaður Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar.*

**2. Erindisbréf nefnda 2022-2026 - 2206069**

Tillaga að erindisbréfi Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar. Mál frá 593. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 23.06.2022.

*Lagt fram. Uppfærð útgáfa af erindisbréfi verður lögð fram á næsta fundi nefndarinnar í samræmi við umræður á fundinum.*

**3. Starfsáætlun Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar - 2207013**

Starfsáætlun Íþrótta-, menningar- og æskulýðsnefndar til vors 2023.

*Samþykkt samhljóða að fundir nefndarinnar verði að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, þriðja þriðjudag´mánaðarins kl.16:30. Næsti fundur nefndarinnar mun fara fram þriðjudaginn 16. ágúst.*

**4. Vinnuskóli 2022 - 2203328**

Íþrótta- og tómstundafulltrúi gerði grein fyrir stöðu mála í starfsemi vinnuskóla.

*Rætt.*

**5. Samstarfssamningur við Kvenfélagið Hörpu - 2206105**

Samstarfssamningur Tálknafjarðarhrepps og Kvenfélagsins Hörpu dags. 25.06.2022 lagður fram til kynningar.

*Lagt fram.*

*Íþrótta-, og menningar- og æskulýðsnefnd leggur áherslu á að álíka samstarfssamningar verði gerðir við önnur félagasamtök sem starfa innan sveitarfélagsins.*

**6. Viljayfirlýsing vegna lóðar og umhverfis Vindheima - 2206107**

Sameiginleg viljayfirlýsing Táknafjarðarhrepps og Kvenfélagsins Hörpu dags. 25.06.2022 vegna lóðar og umhverfis Vindheima lögð fram til kynningar.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

| | |
|---|---|
| Jenný Lára Magnadóttir (JLM) | Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) |
| Kristrún Guðjónsdóttir (KG) | Magnús Óskar Hálfdánsson (MÓH) |
| Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP) | |